



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN  
ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, [almannavarnir.is](http://almannavarnir.is), stjórnsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 04.02.2020

Kl.: 16:15

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis  
/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

**Framvindan**

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19. Upplýsingamiðlun, gerð leiðbeininga og ráðlegginga til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](http://Embættis landlæknis), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](http://Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild) og upplýsingasíðunni [www.covid.is](http://www.covid.is)

**Tölulegar upplýsingar fyrir Ísland**

Eitt greindist hér á landi síðastliðinn sólarhring. Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1.799, samtals 66 eru í einangrun og 1.723 hafa náð bata. Alls eru 1.457 innanlandssmit. Samtals hafa um 50.477 sýni verið tekin, 71 síðasta sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru 10 látin.

[Skv. tölum Landspítalans 4/5](#) eru 3 innlagðir á Landspítala með staðfest COVID-19 smit, enginn er á gjörgæslu eða í öndunarvél. 59 eru í eftirliti á Göngudeild COVID-19, þar af 5 börn í eftirliti Barnspítala Hringins. Þá hefur 1752 einstaklingum batnað og 102 einstaklingar hafa verið útskrifaður af spítalanum. Enginn starfsmaður er í sóttkví eða einangrun.

**Upplýsingamiðlun og verkefni**

**Upplýsingafundur almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna COVID-19.**

Mánudagur 04.05.2020

Alma D. Möller landlæknir, Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir og Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn fóru yfir stöðuna. Víðir hóf fundinn með að tilkynna að ákveðið hefur verið að fækka fundum vegna COVID-19. Haldnir verða þrjú upplýsingafundir í þessari viku, mánudag, miðvikudag og föstudag. Hann þakkaði öllum sem hafa komið að verkefninu. Afar mikilvægt er það góða samstarf sem hefur átt sér stað. Við erum öll almannavarnir. Faraldurinn hefur haft miklar afleiðingar fyrir þjóðfélagið, við finnum fyrir ákveðinni þreytu og bíðum eftir að lífið færist í eðlilegt horf. Við verðum að halda áfram til að skapa ekki hættu fyrir samfélagið og vera samstíga. Hann þakkaði öllum stuðninginn. Hann nefndi einnig samfélagssáttmála sem verður kynntur nánar á næstu dögum.

Þórólfur fór yfir tölfræði dagsins. Enginn greindist sl. sólarhring. Ennþá eru fá tilfelli og lítið samfélagslegt smit. Nú er gott að staldra við og líta yfir árangurinn. Faraldurinn náði hámarki í lok mars. Við náðum að bæla faraldurinn hraðar en búist var við. Margir þættir sem höfðu þar áhrif, s.s. víðtækar sýnatökur, smitrakning, sóttkví, einangrun og þátttaka almennings í öllum sóttvarnaráðstöfunum. Þórólfur þakkaði almenningi fyrir að hafa fylgt ráðleggingu og þakkaði gott samstarf við alla þá fjölmörgu aðila sem tóku þátt. Við erum þó ekki að ljúka verkefninu. Áfram verða einstaklingsbundnar ráðstafanir, með 2 metra reglunni en börn eru undanskilin. Viðræður eiga sér stað um frekari tilslakanir. Stefna á að opna sundlaugar 19. maí með ákveðnum takmörkunum en það verður háð framvindunni á næstu dögum. Það verður kynnt formlega með auglýsingu frá ráðuneytinu.

Alma hóf mál sitt á að segja frá leiðbeiningum fyrir fólk í áhættuhópum sem eru í vinnslu og fara á vefinn á morgun. Þær verða kynntar á miðvikudag. Alma sagði frá hlutverkum landlæknis sem eru m.a. að fylgjast með heilbrigðisþjónustu og

vera til ráðgjafar, stýðja við sóttvarnalækni og sóttvarnarnir. Reyna að sjá fyrir þróun faraldursins og leiða fólk saman. Vel hefur gengið að sinna heilbrigðisþjónustunni, og var undirbúningurinn lyklatríði. Faraldurinn fór geyst á stað og heilbrigðisstarfsfólk þurfti að fara í sóttkví og einangrun. Okkur tókst að sveigja kúrfuna. Hún sagði að þrautseigja og áræðni heilbrigðisstarfsfólks hefði ekki komið ekki á óvart. Við þurfum í framhaldinu að miðla margvíslegri þekkingu sem hér hefur orðið til. Efla samstarf og samhjálp á alþjóðlegum vettvangi. Það kom henni helst á óvart hvað þau þrjú urðu tíðir heimilisgestir. Hún þakkaði öllum þeim fjölmörgu aðilum sem áttu hlut að máli og eiga þakkir skyldar. Þurfum að halda áfram að sýna yfirvegum og samstöðu. Áfram Ísland.

### **Upplýsingafundur almennavarnardeildar ríkislögreglustjóra vegna COVID-19 um helgina .**

**Föstudagur 01.05.2020 þátttakendur:** Á upplýsingafundi dagsins fóru Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn og Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir yfir stöðu mála með tilliti til COVID-19 hér á landi. Gestur fundarins var Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala.

Einn einstaklingur greindist sl. sólarhring með COVID-19 hjá veirufræðideild Landspítala. 722 sýni voru tekin síðastliðinn sólarhring. 3 eru inniliggjandi á Landspítalanum en enginn á Akureyri. Samtals eru 99 í einangrun. Það eru áfram fá tilfelli og samfélagsleg smit eru í lágmarki.

Þórólfur ræddi um nýlega skoðanakönnun Gallup þar sem kemur fram að 96% landsmanna telja að stjórnvöld séu að takast vel á við COVID-19. Hann sagði það vera uppörvandi að finna traustið. Í könnuninni kemur einnig fram að 80-90 % hafa breytt venjum sínum til að forðast smit, þvo hendurnar reglulega, forðast handabönd, faðmlög og kossa. Öðrum sýkingum hefur einnig fækkað mjög í samfélaginu, s.s. öndunarfærasykingar og niðurgangspesstir, aldrei hafa sést eins lágar tölur og nú í apríl. Þessi hegðun landsmanna hefur skilað sér í mun fleiru en að koma í veg fyrir COVID-19. Heimsóknum á heilsugæslu og til heilbrigðiskerfisins hefur einnig fækkað mikið. Ekki er ljós hvaða áhrif þetta hefur á aðra sjúkdóma. Þórólfur sagði einnig frá leiðbeiningum um starfsemi einyrkja sem eru komnar á vef landlæknis undir COVID-19 Atvinnulíf og ferðaþjónusta og leiðbeiningar varðandi ferðaþjónustuna verða birtar á morgun.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala fór yfir tölfræði spítalans, 3 einstaklingar eru með virkt smit en 16 eru innlagðir. Enginn er á gjörgæslu eða öndunarvél og 84 í eftirliti, þ.e. 4 börn. Enginn er í verulegri hættu á að leggjast inn. Þegar horft er yfir reynslu sl. mánaða er ljóst að keðja viðbragða og samstilling hefur haft áhrif, sem er einstakt. En stríðinu er ekki lokið og við þurfum að halda vöku okkar og vera viðbúin. Þetta tímabil reynir á og við þurfum að halda athygli okkar mánuðum saman. Þolinmæði er lykill að því að vinna bug á sjúkdómum. Innan geðheilbrigðisfræða er vaxandi athygli á þrautseigju – seiglu - þolgæði. Þola erfiðleika og komast í gegn um þá og læra af þeim. Við verðum að halda ótauð áfram, vera sveigjanleg og stefnuföst. Sýna þolgæði til að takast á við áföll og byggja upp að nýju. Persónuleiki og viðhorf til erfiðleika skiptir miklu máli og einnig umhverfið sem við lifum við, s.s. stuðningur fjölskyldu, vina og heilbrigðiskerfisins. Verðum að vinna saman sem heild. Sérþægsla og það að hugsa um eigin hag gengur ekki. Að sýna fórnfýsi og breyta hegðun er mikilvægt í aðstæðum sem þessu. Á næstu árum verður að leggja aukna áhersla á að byggja upp heilbrigðiskerfið. Þösum upp á hvert annað og styrkjum þau sem veikast standa. Öll él styttr upp um síðir.

### **Laugardagur 02.05.2020. Þátttakendur: Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn, Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdarstjóri ÍSÍ, Eysteinn Pétur Lárusson, framkvæmdarstjóri Breiðabliks og Pálmar Ragnarsson, þjálfari og fyrirlesari.**

Á fundinum í dag ræddi Líney Rut Halldórsdóttir, almennt um stöðu íþróttahreyfingarinnar og sagði hana lausnamiðaða og allt starf einkennast af mikilli þrautseigju. Allir hafa á þessum erfiðu tímum lagst á eitt og nýtt öll úrræði sem í boði hafa verið. Líney minnti á að flestir Íslendingar tengist íþróttahreyfingunni með einum eða öðrum hætti. Alls séu um 1300 starfseiningar innan hreyfingarinnar og á árinu 2018 hafi alls 104.000 iðkendur verið í hreyfingunni eða um 30% þjóðarinnar. Alls starfi 9500 hjá hreyfingunni og að auki séu um 35 sjálfboðaliðar fyrir hverja 100 iðkendur. Niðurfelling íþróttastarfsins hefur haft miklar afleiðingar, ekki síst fjárhagslegar fyrir félögin.

Eysteinn Pétur Lárusson hóf mál sitt á þökkum til allra sem haldið hafa áfram æfingum, þjálfarar, foreldrar og iðkendur eigi hrós skilið. Ástandið hefur verið mikil áskorun fyrir alla og allir hafa lagst á eitt til að láta hlutina ganga upp. Hann segir að íþróttafélögum sé sýnt mikið traust með því að börn og unglingar geti byrjað að æfa aftur og það sé mjög mikilvægt að bregðast ekki því trausti. Ef við höldum rétt á spilum verða frekari afléttingar. Allt í okkar höndum.

Pálmar Ragnarsson, sagði að loksins væri komið að því að við getum farið að æfa – íþróttir eru órjúfanlegur hluti lífsins fyrir börn og unglinga. Foreldrar eru líka hetjur fyrir að ala upp svona flotta krakka. Pálmar sagði að krakkar landsins væru miklir naglar og sumir myndu mæta í betra formi en þeir voru í fyrir samkomubann. Við þá krakka sem treysta sér ekki á æfingu aftur vildi hann segja að alltaf væri hjálp að sækja, hjá íþróttafélögum eða fagfólki.

Að lokum ítrekaði Víðir að enn þurfum við öll að vera á verði og fylgja reglum um almennar sóttvarnir. Mikilvægt sé að virða að enn gildi sömu reglur um fjarlægðarmörk og áður og þær hafi ekki verið settar að ástæðulausu. Við viljum ekki fá bakslag í faraldurinn.

## Guðnason sóttvarnalæknir og Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn. Sérstakur gestur fundarins var Guðni Th.

Jóhannesson, forseti Íslands. Víðir bauð forseta Íslands sérstaklega velkominn á fundinn. Þórólfur fór síðan yfir helstu tölur og kom fram að einn einstaklingur hefði greinst hjá Íslenskrari erfðagreiningu síðasta sólarhring og var það á Vesturlandi og er nú alls búið að greina 1799 smit á Íslandi. Alls voru 400 sýni afgreidd í gær. Alls er búið að taka rúmlega 50.000 sýni eða um 14% þjóðarinnar hefur verið prófaður og um 20.000 hafa lokið sóttkví. Hægt er að nálgast tölulegar upplýsingar um COVID-19 á vefsíðunni covid.is. Þórólfur tilkynnti að nú væri að hefjast blóðsöfnun meðal almennings til að mæla mótefni gegn COVID-19 í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu, sem er könnun á vegum sóttvarnalæknis, sem mun hafa þýðingu við ákvarðanir á ýmis konar sóttvarnaráðstöfum í samfélaginu næstu vikur og mánuði.

Alma fór yfir stöðuna í heilbrigðisþjónustunni og hvernig hefur gengið en ákveðið var í byrjun að leggja áherslu á að vernda þá viðkvæmu og takast á við þetta saman og tryggja öryggi starfsmanna og það hefði tekist vel. Fólk virðist ekki hafa veigrað sér við að sækja aðra heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt að rannsaka lýðheilsu og benti Alma á rannsókn undir forystu vísindamanna í Háskóla Íslands og í samvinnu við Embætti landlæknis, öllum bent á að taka þátt á vefsíðunni lidanicovid.is. Mikilvægt að draga lærdóm og skipuleggja sig að nýju út frá heilbrigðisstefnu undir forystu heilbrigðisráðherra. Ennfremur benti Alma á verkefni sem forsætisráðherra fer fyrir um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en með verkefninu á að stuðla að hagsæld, friði og samstöðu, jörðinni og mannkyninu til heilla, þar er eitt verkefni heilsa og vellíðan fyrir alla.

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands þakkaði þann heiður að fá að ávarpa landsmenn á þessum tímamótum, en á morgun verður slakað á þeim vörnum sem verið hafa í gildi, og mikilvægt að lofa það sem vel hefur verið gert. Það voru helst fjögur atriði, sem Guðni ræddi og lagði áherslu á, en það voru samúð, samstaða, þakklæti og framtíðin. Guðni sagði að það bæri að sýna þakklæti „láttu þakklætið koma niður þar sem það á heima“ – það ber að þakka heilbrigðisstarfsfólki og öllum þeim sem hafa unnið í framlínunni, í skólunum og öllum þeim sem sinnt hafa starfi sínu af mikilli samviskusemi á þessum tímum og einnig þeim sem létt hafa okkur lund, listamenn og tónlistarmenn. Ennfremur fjallaði hann um mikilvægi samstöðu og liðsheildarinnar, sem getur skipt sköpum. Hann þakkaði þríeykinu fyrir að hvetja til samstöðu sem dugar, ekki með því að skipa okkur fyrir verkum eða setja sig á háan hest, heldur koma með tilmæli, leiðbeiningar og ráðleggingar sem byggja á vísindalegri ráðgjöf, þannig að við skiljum að það sem er gert, er hið eina rétta í stöðunni. Allir eiga þakkir skildar. Tímamót eru nú í almanna- og veiruvörnum – nú verðum við að halda áfram, við megum ekki gefa okkur lausan tauminn.

## Annað:

### [Mælingar mótefna gegn SARS-CoV-2 á vegum sóttvarnalæknis og Íslenskrar erfðagreiningar](#)

Í þessari viku hefst söfnun blóðsýna til að meta útbreiðslu mótefna gegn SARS-CoV-2, sem veldur COVID-19 sjúkdómnum, í íslensku samfélagi. Aðeins er safnað sýnum frá einstaklingum sem koma í blóðrannsóknir af öðrum ástæðum sem stendur. Ekki er verið að safna sýnum frá einstaklingum sem ekki hafa aðra ástæðu til blóðtöku á þessu stigi og ekki er hægt að fá mótefnamælingu með beiðni frá lækni enn sem komið er.

## Nýjar og uppfærðar leiðbeiningar:

### Leiðbeiningar fyrir tjaldsvæði, hjólhýsasvæði, skála ferðafélaga, lítil gistihús, skipulagðar ferðir og afþreyingar utandyra:

Í byrjun maí voru uppfærðar [leiðbeiningar fyrir tjaldsvæði, hjólhýsasvæði, skála ferðafélaga](#), lítil gistihús, skipulagðar ferðir og afþreyingu utandyra. Þar kemur eftirfarandi fram:

Gestir mega ekki koma inn á tjaldsvæði, í skála eða fara í skipulagðar ferðir ef þeir

1. a. *Eru í sóttkví.* b. *Eru í einangrun* (einnig meðan beiðni er niðurstöðu sýnatöku). c. *Hafa verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.* d. *Eru með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).*
2. Rekstraraðili skal *þrifa og sótthreinsa sameiginleg rými og snertifleti a.m.k. tvisvar á dag.*
3. Frá og með 4. maí er *hámarksfjöldi í hverju sóttvarnarými 50 manns.* Sóttvarnarými getur verið innan- sem utandyra og þarf t.d. að skipta tjaldsvæðum upp með tilliti til þessa.
4. Virða ber 2ja metra reglu um fjarlægðartakmarkanir á milli einstaklinga.

5. Auðvelt aðgengi að handþvottaðstöðu og handspritti þarf að vera til staðar.
6. Takmarkið samneyti á milli aðskildra ferðahópa eins og unnt er.

### Íþrótta- og æskulýðsstarf frá og með 4. maí fyrir börn 16 ára og yngri:

Frá 4. maí falla **alveg** niður takmarkanir hjá börnum og ungmönnum 16 ára og yngri í leik- og grunnskólum og við íþróttaiðkun og æskulýðsstarf. Sömuleiðis mun tveggja metra nálægðarmörk **ekki** eiga við um þennan aldurshóp.

- Engar fjöldatakmörkanir verða settar á iðkendur.
- Öll íþrótta- og æskulýðsstarfsemi, inni og úti, verði leyfð.
- Skíðasvæði verði opin fyrir æfingar barna og unglinga.
- Sundlaugar, búnings- og sundaðstaða verði opin fyrir sundæfingar barna og unglinga.
- Keppni í íþróttum barna á leik- og grunnskólastigi verði heimil án áhorfenda.
- Hvatt verði til sérstaks hreinlætis og handþvottar.

### Íþróttastarf 17 ára og eldri

- Mest verði sjö einstaklingar með þjálfara á útisvæði sem miðast við hálfan fótboltavöll (2.000 m<sup>2</sup>).
- Mest verði fjórir einstaklingar með þjálfara á innisvæði sem miðast við handboltavöll (800 m<sup>2</sup>).
- Notkun búningsaðstöðu innanhúss verði óheimil.
- Hvatt verði til að tveggjаметra nándarreglan verði virt.
- Keppni í íþróttum fullorðinna verði óheimil nema ef hægt sé að uppfylla skilyrði um tveggja metra nándarreglu og að keppni sé án áhorfenda.
- Sundæfingar fyrir fullorðna verði að hámarki fyrir sjö einstaklinga. Notkun búnings- og sturtuáðstöðu verði leyfð.
- Áfram verði hvatt til sérstaks hreinlætis, handþvottar og notkunar handspritts.
- Sundlaugar verði lokaðar almenningi.

Frekari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni <http://umfi.is/>

[Leiðbeiningar fyrir snyrtistofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur, augnmælingar og sambærilega starfsemi](#)

[Leiðbeiningar fyrir sjúkrahjálfun og sambærilega starfsemi](#)

### Vefurinn [www.covid.is](http://www.covid.is)

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar kl. 13:00 á vefsvæðinu

<https://www.covid.is/tolulegar-upplýsingar>


Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir og verkefni hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Upplýsingar á vefnum eru á níu tungumálum. Nú hefur tölfræðisíða covid.is verið heimsótt rúmlega 4,9 milljón sinnum.

### Framundan

- Upplýsingafundur fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 er **áætlaður miðvikudaginn 6. maí** 2020 kl. 9:00.
- Frá og með 4. maí verður **Stöðuskýrsla almanna- og neyðarstig vegna COVID-19** aðgengileg á vef [almanna- og neyðarstig vegna COVID-19](#) og [embættis landlæknis](#). Hún verður **ekki** send í tölvupósti. Skýrslan verður til að byrja með gefin út síðdegis 1-2 sinnum í viku, eða eftir þörfum


## Ísland - staðan í dag

### Heildartölur




Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru tíu látin.

## Fjöldi virkra smita og þeirra sem er batnað




## Fjöldi smita



[Download data](#)

Þegar gefnar eru út upplýsingar um hve smituum hefur fjölgað mikið frá deginum áður er það ekki alltaf svo að sambærileg tala birtist í sólu dagsins. Ástæðan er sú að birting upplýsinga um smit taka mið af því hvenær sýnið var tekið en ekki hvenær það var greint.


## Fjöldi sýna



## Fjöldi smita eftir kyni



## Uppruni smits




## Smit / sóttkví eftir landshlutum



	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	1312	468
Suðurnes	77	47
Suðurland	178	82
Austurland	8	12
Norðurland eystra	46	35
Norðurland vestra	35	19
Vestfirðir	97	17
Vesturland	43	54
Óstaðsett	2	41
Útlönd	1	0

Download data


## Fjöldi virkra smita eftir aldri, fjöldi þeirra sem hefur náð sér og andlát



## Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví


**57%**

þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví




Download data

## Hlutfall smita af fjölda sýna



## Fjöldi smita á hverja 1.000 íbúa eftir aldri og kyni

- Uppfært á mánudögum



## Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 3,531,618 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 248,097 einstaklingar** eru láttnir. Þá hafa **1,133,639 einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Skv. ECDC er faraldurinn meðalstór fyrir hrausta einstaklinga en mikil lýðheilsu ógn fyrir aldraða og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](https://ecdc.europa.eu/) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.